



Vatnsnesveg 8, Keflavík, Sími 421-3155.

Ársskýrsla 1999.

Talsvert starf var að venju hjá Bygðasafni Suðurnesja á árinu 1999.

Safnahúsið á Vatnsnesi hefur verið opið almenningi til sýnis alla sunnudaga ársins frá kl. 13.30 til 17.00, undir leiðsögn Skúla Magnússonar og að auki bæði föstudaga og laugardaga yfir sumarið. Einnig var það haft opið 17. júní. Safnið hefur einnig verið til sýnis virka daga hafi þess verið óskað, og hefur það verið töluvert nýtt. Samvinna við grunnskólann hefur verið samfleytt síðan 1986, og kemur allur 4. bekkur hans árlega til verkefnagerðar undir leiðsögn kennara sinna og forstöðumanns safnsins. Börnin fá þá ákveðið verkefni sem þau leysa. Þá hafa margir aðrir hópar komið, bæði úr ýmsum skólum, dagheimilum, eldri fermingahópar, ýmsum félögum, ferðahópum, frá starfshópum og talsvert af erlendum hópum.

Unnið hefur verið við myndaskráningu í sérunnið myndaförrið í tölvu nú á haustdögum, auk ýmissa annarra starfa í þröngum og erfiðum húsakynnum og er nauðsyn að því sé haldið áfram.

Á árinu fengust 5 starfsmenn í sex mánuðu hver, til skönnunar og skráningar á myndum, og var bæði unnið við hið mikla safn Ljósmyndastofu Suðurnesja og einnig á myndum sem safnast hafa í gegnum árin frá öðrum aðilum og mun heildarfjöldi skannana hafa verið á milli 10 og 15 þúsund myndir.

Mikið af munum og myndum hefur borist til safnsins frá ýmsum aðilum eins og undanfarin ár. Margir hafa komið til safnsins, lánað því myndir úr eldri og yngri sögu bæjarins til eftirtöku. Filmur hafa verið teknar af þeim, sem bíða frekari úrlausnar síðar meir.

Hafið var að mynda, mæla og skrá muni á safninu og færa það í tölvu og er komin góður skriður á það starf, en þar er óþrjótandi vinna frammundan sem og í áframhaldandi vinnu við ljósmyndasöfnin. Ekki hefur enn orðið úr að flytja geymslu safnsins úr Röst í endanlegt húsnæði að Duusgötu 10, hér í bæ, sem er steinsteypt bygging norður úr Bryggjuhúsi Duusverslunar, en vonandi tefst það ekki í mörg ár enn, en þar hefur verið unnið í smá áföngum í samvinnu og undir yfirstjórn Arinbjörns Vilhjálmssonar arkitekts. Það bíður því mikil vinna að pakka safnmunum inn, skrá þær og flokka og flytja þær. og er það einlæg ósk forstöðumanns að aðstoðarmaður eða menn fái ráðinn(nir) á árinu 2000, svo hægt sé að afkasta sem mestu á meðan tök eru á.

Keflavík 4.mars 2000,

Guðleifur Sigurjónsson.

forstöðumaður.